

3. fundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Haldinn 2. apríl 2013 kl. 9.00 – 10.00 í Tæknigarði

Boðuð: Kristján Kristjánsson (KK), Oddný Gunnarsdóttir (OG), Anna Kristín Daníelsdóttir (AKD), Ólöf G. Sigfúsdóttir (OGS), Ásta Sif Erlingsdóttir (ÁSE).

Mætt: Kristján Kristjánsson, Anna Kristín Daníelsdóttir (ritaði fundargerð) og Ásta Sif Erlingsdóttir (fundarstjóri).

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
- Undirbúningur fyrir aðalfund
- Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 2. fundar Félags rannsóknastjóra á Íslandi var samþykkt án athugasemda.

Undirbúningur fyrir aðalfund

Rætt um að senda fundarboð sem fyrst og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfundinn. Ákveðið að **ÁSE** geri fyrstu drög að fundarboði og sendi á stjórnarnefndarmenn til athugunar og samþykktar. Ákveðið að hafa aðalfundinn miðvikudaginn 24. apríl 2013 kl:16:15-18:15. Þetta er sami dagur og HÍ og Rannís skipuleggja Evrópskan fund um IPR og Open Access mál.

KK mun athuga með fundarsal í HR og léttar veitingar frá Nauthól.

Dagskrá aðalfundar var skipulögð í samræmi við lög félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
 - a. Kosning eftirlitsmanns
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds

6. Kosning stjórnar

7. Önnur mál

- ÁSE mun kynna skýrslu stjórnar
- KK mun kynna reikninga og staðfesta kosningu á eftirlitsmönnum.
- KK verður með kynningu á sameiginlegum gagnagrunni yfir rannsóknir á Íslandi.

Önnur mál

Sumir félagsmenn hafa óskað eftir reikningum til að greiða félagsgjöld. Ákveðið var að félagsmenn útbúi sjálfir reikninga fyrir atvinnurekendur.

ÁSE sagði frá Evrópskum kynningar- og vinnufundi um IPR og Open Access mál sem HÍ og Rannís eru að skipuleggja saman, þann 24. apríl 2013 frá 9 til 16.

NARMA, félag rannsóknastjóra í Noregi munu vera með aðalfund 17 apríl næstkomandi og óska eftir að Félag rannsóknastjóra á Íslandi verði með myndbandskveðju til þeirra. **ÁSE** mun gera stutt myndband með hjálp kynningardeildar HÍ.

IPR og Open Access mál rædd almennt.

Næsti fundur stjórnar verður ákveðinn á næsta aðalfundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10.00

